

Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
Bergljót Soffía Kristjánsdóttir	Svipbrigði sársaukans (The many faces of pain)	12.6.2017	500.000		100.000	R17060194

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir

Kennitala: 280950-3009

Heimilisfang: Árnagarði v. Suðurgötu (lögh. Vörðustíg 7, Hafnarfirði)

Netfang: bergljot@hi.is

Símanúmer: vs. 5254722; hs. 5550308; fars. 8459308

Póstnúmer: 101 (220)

Staður: Reykjavík (Hafnarfirði)

Nafn ábyrgðarmanns: Háskóli Íslands/ Kennitala ábyrgðarmanns: 600169-2039

Heimilisfang ábyrgðaraðila: Sæmundargötu 2

Póstnúmer ábyrgðaraðila: 101 Reykjavík

Netfang ábyrgðaraðila: oe@hi.is

Símanúmer ábyrgðaraðila: 5255236

Hlutverk ábyrgðaraðila: Annast fjármál/bókhald og greiðslur vegna verkefnisins

Upphæð sem sótt er um: 500.000

Banki: 137

Höfuðbók: 26

Reikningsnúmer: 476 (Ath. tilvísun til verkefnis sem þarf að fylgja: 1371-137535)

Heiti verkefnis: Svipbrigði sársaukans (The many faces of pain)

Lýsing á verkefni: Opið alþjóðlegt málþing um sársauka. Auk umsækjanda, skipuleggja þingið þau Hannes Högni Vilhjálmsson, dósent á gervigreindarsetri Háskólans í Reykjavík og Sigríður Zoëga, lektor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður verkjateymis Landspítalans. Áætlað er að málþingið fari fram dagana 1.-3. september 2017. Það fer fram á ensku en verður opið almenningi enda er ætlunin að kynda undir umræður í samfélaginu um sársauka, t.d. sem almennan fylgifisk tilvistarinnar og í tengslum við stöðu jaðarhópa (t.d. samkynhneigðra og flóttamanna) en þá einnig fjalla um hvernig takast má á við ólíkar gerðir sársauka. Stefnt er saman fræðimönnum úr gagnólíkum greinum. Erlendu gestirnir eru:

1. *Dr. Ronald Schleifer*, University of Oklahoma. Hann hefur skrifað bæði um bókmenntir og læknahugvísindi og m.a. bókina *Pain and Suffering*, Routledge, 2014.
2. *Dr. Anne Mulhall*, University College, Dublin. Hún er sérhæfð í hinsegin fræðum og mun sérstaklega ræða um sársauka Íra sem komið hafa út úr skápnum á síðustu áratugum.
3. *Dr. Nadia Berthouze*, University College, London. Hún er sérfræðingur í því sem á ensku kallast affective computing and interaction og fæst við líkamann, snertingu og sýndarveruleika

– en sýndarveruleiki hefur töluvert verið notaður upp á síðkastið til að lækna fóbíur og sársauka af ýmsu tagi.

4. Dr. Christopher Eccleston, University of Bath. Hann er sálfræðingur og formaður stofunnar um verkjarannsóknir þar. Hann er t.d. höfundur bókarinnar, *Embodied: The psychology of physical sensation*, Oxford University Press 2016.
5. Dr. Madeleine Hron, Wilfrid Laurier University. Hún er sérfræðingur í mannréttindum; hefur fjallað um börn sem hermenn, pyntingar, innflytjendur, flóttamenn, réttindi kvenna og barna og fleira í þeim dúr. Hún hefur m.a. skrifað bókina *Translating Pain: Immigrant Suffering in Literature and Culture*, University of Toronto Press 2009. Á málþinginu mun Hron fjalla sérstaklega um sársauka flóttamanna.

Áætlað er að innlendir fræðimenn sem tala á málþinginu verði ríflega tugur (með fyrirlestra um bókmenntir, heimspeki, læknisfræði, loftslagsmál, tráma og sýndarveruleika svo að e-ð sé nefnt) en auk þeirra er áætlað að þrjú rithöfundar stígi í púlt – þar á meðal einn úr hópi flóttamanna sem Reykjavíkurborg hefur unnið með. Reykjavík-Bókmenntaborg hefur einnig heitið stuðningi sínum við málþingið (í formi kynningar). Erlendu gestirnir, sem verða allir með fjörutíu mínútna lykilfyrirlestra, hafa lýst sérstakri ánægju með hversu þverfaglegt þingið verður og sumir þeirra hyggjast lengja Íslandsdvöl sína ögn, t.d. Madeleine Hron; skemmtilegt væri ef tók væru á að leiða hana saman við mannréttindafulltrúa Reykjavíkurborgar. Von okkar er að minnsta kosti að málþingsgestir geti tengst þvers og kruss og ný samvinna og nýtt samstarf af ýmsu tagi geti risið upp af því, auk umræðna og skrifa um ólík svipbrigði sársauka.

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Nær eingöngu karlar

Fleiri karlar en konur

Bæði kynin jafnt x

Fleiri konur en karlar

Nær eingöngu konur

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Aðallega karlar

Aðallega konur

Bæði kynin jafnt x (Konur eru þó fjölmennari í hópi fyrirlesara)

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun) já

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

(Mannréttindastefnu má finna hér: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/) Verkefnið fellur einkar vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Tveir af fimm lykilfyrirlesturum fjalla beinlínis um hópa sem einatt hafa þurft að berjast hart fyrir mannréttindum sínum; einn af rithöfundunum sem áætlað er að tali kemur beinlínis úr hópi flóttamanna; ýmsir íslensku fyrirlesaranna koma inn á mál er snúa að því að staða kynjanna er ekki jöfn í íslensku samfélagi þó að hún skuli jöfn samkvæmt lagabókstafnum; rætt verður um sársauka unglinga og sjálfsmeiðingar þeirra ekki síður en sársauka fullorðinna o.fl. í þeim dúr.

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins'

Unnið hefur verið að skipulagningu verkefnisins á annað ár og áætlað er að endanleg dagskrá liggi fyrir í þessum mánuði. Gisting hefur verið pöntuð fyrir lykilfyrirlesara og húsnæði fyrir málþingið; búið er að hugsa fyrir hvernig staðið skuli að veitingum og menn hafa verið settir í startholur að kynna verkefnið.

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

Tekjuliðir eru engir því að ætlun okkar er að hafa ókeypis aðgang að málþinginu.

Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

Húsnæði undir málþing: 120.000
Gisting lykilfyrirlesara: 522.000
Flugfargjöld lykilfyrirl.: 450.000
Kaffi og meðlæti á málþ.: 100.000
(Veisla fyrir lykilfyrirlesara
á kostnað skipuleggjenda) _____
1.192.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

- Bókmenntafræðistofnun (50.000)
- Hugvísindastofnun (300.000)
- Háskólanum í Reykjavík (100.000)
- Forlaginu (30.-50.000)
- Verkjafélagið (50.000)
- Hjúkrunarfræðideild (50.000 en litlar líkur á að að fáís
- sótt verður til fleiri aðilja um örsmáa styrki

Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

nei

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Ég fékk ásamt dr. Huldu Þórisdóttur, dr. Jóhannesi G. Jónssyni og dr. Þórhalli Eypórssyni styrk til að halda alþjóðlega ráðstefnu um samlíðan árið 2014. Sú ráðstefna var feikilega vel sótt af almenningi og hleypti lífi í umræður um samlíðan og vakti almennan áhuga á fyrirbærinu. (Eg er stödd erlendis og get því miður ekki flett upp á hvaða upphæð ég fékk en vona að það komi ekki að sök). Þar á undan fékk ég styrk frá borgarstjóra þegar sálfræðingurinn og rithöfundurinn Keith Oatley kom til landsins árið 2012 og hélt opinn fyrirlestur um tilfinningar og geðshræringar sem á annað hundrað manns sóttu. (Það voru að mig minnir 100.000 kr.). Oatley hefur starfað með

okkur síðan í stjórn Stofu um hugræn fræði og reynst ómetanlegur í hjálpssemi við hvern þann Íslending sem til hans leitar.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Eins og áður hefur komið fram tel ég að viðfangsefni málfingsins þessu sinni sé afar brýnt og gæti haft margvísleg jákvæð áhrif; upplýst, eflt erlend tengsl, opnað augu manna héraendis fyrir samvinnu fólks sem sjaldan hittist o.s.frv.